



Reykjanesbær, 27. febrúar 2026

714. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn að Grænásbraut 910
3. mars 2026, kl. 17:00

DAGSKRÁ

1. Fundargerðir bæjarráðs 19. og 26. febrúar 2026 (2026010008)
2. Fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs 20. febrúar 2026 (2026010016)
3. Fundargerð stjórnar eignasjóðs 19. febrúar 2026 (2026010015)
4. Fundargerð sjálfbærniráðs 25. febrúar 2026 (2026010014)
5. Fundargerð atvinnu- og hafnarráðs 26. febrúar 2026 (2026010009)
6. Fundargerð menningar- og þjónusturáðs 27. febrúar 2026 (2026010012)
7. Óbyggðar atvinnulóðir - svar við fyrirspurn (2026020140)



Fundargerð

1552. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
19. febrúar 2026, kl. 8:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Guðbergur Reynisson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Róbert Jóhann Guðmundsson.

Að auki sátu fundinn Birgir Már Bragason áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Díana Hilmarsdóttir boðaði forföll, Róbert Jóhann Guðmundsson sat fyrir hana. Margrét A. Sanders boðaði forföll, Guðbergur Reynisson sat fyrir hana. Helga María Finnbjörnsdóttir boðaði forföll, Birgir Már Bragason sat fyrir hana.

* * *

1. Helguvík Investment (2026020390)

Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður mætti á fundinn.

Lagt fram kauptilboð Reykjaneshæjar að lóðinni Stakksbraut 9.

Bæjarráð samþykkir framkomið kauptilboð og felur Unnari Steini Bjarndal bæjarlögmanni að vinna áfram í málinu í samræmi við umræður á fundinum. Formanni bæjarráðs falið að undirrita kauptilboðið.

2. Gamla búð (2025020331)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignasýslu mætti á fundinn.

Kynnt gögn aðila vegna reksturs í Gömlu búð og lögð fram drög að leigusamningi.

Bæjarráð felur Hreini Á. Kristinssyni að vinna áfram í málinu.

3. Óbyggðar atvinnulóðir - svar við fyrirspurn (2026020140)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs kom inn á fundinn gegnum fjarfundabúnað.

Lögð fram gögn vegna fyrirspurnar um óbyggðar atvinnulóðir hjá sveitarfélaginu. Fyrirspurninni verður svarað formlega á fundi bæjarstjórnar 3. mars 2026.

4. Akademiúreitur (2025010481)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs og Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi mættu á fundinn.

Lagt fram minnisblað um næstu skref vegna Akademiúreitsins. Óskað er eftir heimild til ráðningar aðila til að sinna útboðsvinnu í samvinnu við starfsfólk Reykjanesbæjar. Einnig er óskað eftir heimild til að halda áfram vinnu með Alta vegna deiliskipulagsvinnu og útboðslýsingar fyrir reitinn.

Að auki er óskað eftir tilnefningu í hóp sem mun sjá um samskipti og samningagerð við fjárfesta á þeim reitum sem við á.

Bæjarráð leggur til að starfshópur um Akademiúreitinn fundi um þær tillögur sem lagðar voru fram í samræmi við umræður á fundinum. Málið verður tekið aftur fyrir á fundi bæjarráðs.

5. Þórukot ehf. - þróunar- og samstarfssamningur (2025090372)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.

Lögð fram drög að samstarfssamningi milli Þórukots ehf. og Reykjanesbæjar um þróun og uppbyggingu verslunar- og þjónustukjarna í Reykjanesbæ.

Bæjarráð samþykkir samstarfssamninginn og felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að undirrita hann.

Bæjarráð felur Erlu Bjarnýju Gunnarsdóttur lögfræðingi umhverfis- og framkvæmdasviðs að vinna áfram í skilmálum varðandi lóðamál.

6. Discover Truenorth ehf. - umsókn um tækifærisleyfi (2026020387)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

7. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga - auglýsing eftir framboðum (2026020298)

Lagt fram bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga þar sem vakin er athygli á að frestur til að skila inn framboði í stjórn Lánasjóðsins er til kl. 12:00 föstudaginn 27. febrúar nk.

8. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 17. október 2025 (2025010435)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

9. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 9. janúar 2026 (2026020369)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

10. Fundargerð Almannaþingarnefndar Suðurnesja utan Grindavíkur 5. febrúar 2026 (2026020271)

Lögð fram til kynningar fundargerð Almannaþingarnefndar Suðurnesja utan Grindavíkur.

11. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 11. febrúar 2026 (2026010317)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:42.



Fundargerð

1553. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
26. febrúar 2026, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Knattspyrnudeild UMFN - umsókn um tækifærisleyfi (2026020449)
Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.
2. Fjörheimar - umsókn um tækifærisleyfi (2026020473)
Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.
3. Breytingar í stjórn Brunavarna Suðurnesja (2024010091)
Guðný Birna Guðmundsdóttir tekur við sem formaður stjórnar, Trausti Arngrímsson verður varaformaður.
4. Fundargerð stjórnar eignasjóðs 19. febrúar 2026 (2026010015)
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
Fyrsta máli fundargerðarinnar Æfingaaðstaða Massa, lyftingardeildar UMFN – endurbætur (2025100271) var vísað til bæjarráðs. Bæjarráð vísar málinu í umræðu um fjárfestingar 2027 og felur deildarstjóra eignaumsýslu að meta hvort einhverjir hlutar framkvæmdanna teljist varða öryggismál sem ekki má bíða með.
5. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 18. febrúar 2026 (2026010670)
Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:10



Fundargerð

383. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshafnar, haldinn að Grænásbraut 910
20. febrúar 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur Reynisson, Gunnar Felix Rúnarsson og Jóhann Gunnar Sigmarsson.

Að auki sátu fundinn Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Erna María Svavarsdóttir ritari.

Helga María Finnbjörnsdóttir boðaði forföll, Jóhann Gunnar Sigmarsson sat fyrir hana.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að taka á dagskrá málið Samstarf um hringrásariðngarð - erindisbréf (2023100396). Fjallað er um málið undir dagskrálið 8.

* * *

1. Njarðvíkurhöfn - breyting á aðalskipulagi (2025120205)

Forsendur skipulagsbreytinga eru að stækka og endurbæta norðurhluta hafnarsvæðis Njarðvíkurhafnar sem hluta af því markmiði að efla hlutverk Njarðvíkurhafnar sem aðalþjónustuhöfn Reykjaneshafnar fyrir sjávarútvegstengda starfsemi. Þá er gert ráð fyrir uppbyggingu löndunarþjónustu fyrir smærri báta, sem krefst landfyllingar á svæðinu á milli Norður- og Suðurgarðs. Megin breytingar felast í að Njarðvíkurhöfn (H4) er stækkuð um 1,5 ha með landfyllingu á milli Norður- og Suðurgarðs. Einnig er ný afmörkun á hverfisvernd (HV30) fyrir byggð. Hverfisvernd felld niður á hafnarsvæðinu (H4). Óskað er heimildar til að auglýsa skipulagslýsingu og vinnslutillögu að breytingu aðalskipulags samtímis.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að auglýsa skipulagslýsingu og vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi með fyrirvara um að lega tengivegar haldist óbreytt, en unnið er að tillögum um breytt vegstæði.

2. Njarðvíkurhöfn - nýtt deiliskipulag (2026020391)

Megin forsenda er að vinna deiliskipulag fyrir norðurhluta Njarðvíkurhafnar, þar sem ekkert deiliskipulag er til fyrir svæðið. Um leið er lögð fram heildarsýn fyrir uppbyggingu á svæðinu, lóðaskipulag, stækkun hafnaraðstöðu, aðkomu og byggingarheimildir. Óskað er heimildar til að auglýsa skipulagslýsingu og vinnslutillögu deiliskipulags samtímis.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að auglýsa skipulagslýsingu en auglýsingu vinnslutillögu er frestað. Deiliskipulag Hafnarbrautar 4 sé sameinað deiliskipulagi Njarðvíkurhafnar.

3. Hafnarbraut 4 - deiliskipulag (2024110165)

Markmið deiliskipulagstillögunnar Hafnarbraut 2, 4 og 6, er gera ráð fyrir fjögurra hæða íbúðahúsnæði fyrir starfsmannaíbúðir eða skrifstofuhúsnæði á lóð H4. Stærð skipulagsmarka er um 4.767 m² og afmarkast af Hafnarbraut. Í dag stendur geymsluhúsnæði á H2, eldri geymsla á lóð H4 og jóga miðstöð á H6.

Erindi frestað. Deiliskipulag Hafnarbrautar 4 sé sameinað deiliskipulagi Njarðvíkurhafnar.

4. Lðjustígur - deiliskipulag (2022030448)

JeES arkitektar f.h. Ásgarðs fasteignafélags ehf. leggja fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir svæði við Hafnargötu, Lðjustíg og Pósthússtræti í Reykjanesbæ sbr. uppdrátt dags 5. janúar 2026. Markmið breytingarinnar er að skapa skýrari heimildir til uppbyggingar, styrkja miðbæjarstarfsemi og tryggja heildstæða og vandaða bæjarmynd í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir Reykjanesbæjar.

Ástæða breytingar á deiliskipulagi er sameining lóða Lðjustígs 1 og hluta lóðar Hafnargötu 91, með tillögu að uppbyggingu hornhúss fyrir verslun, þjónustu og íbúðir á 4–6 hæðum. Önnur svæði innan skipulagssvæðisins haldast óbreytt.

Sameining lóða Lðjustígs 1 (áður 3.101 m²) og 37% hluta Hafnargötu 91 (áður 6.357 m²). Lóð Lðjustígs 1 verður 5.442 m² og lóð Hafnargötu 91 verður 4.015 m². Byggingaréttur á Lðjustíg 1 verður fyrir 4–6 hæða hornhús fyrir íbúðir, verslun og þjónustu í samræmi við aðalskipulag Reykjanesbæjar, í stað tveggja stakra bygginga á 2–3 hæðum.

Heimilt er að áfangaskipta framkvæmdum í allt að þrjá áfanga. Aðkoma að nýrri lóð Lðjustígs 1 verður frá Hafnargötu og Lðjustíg. Aðkoma annarra lóða innan skipulagsmarka helst óbreytt. Lögð er áhersla á að ekki verði veruleg aukning á umferð á núverandi inn- og útkeyrslum innan skipulagssvæðisins. Ný aðkeyrsla frá Lðjustíg þjónar eingöngu lóð Lðjustígs 1. Önnur aðkoma er um hringtorg á Hafnargötu, sem áður hefur verið samþykkt í eldra skipulagi.

Erindi frestað. Umhverfis- og skipulagsráð felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

5. Faxabraut 7 - grenndarkynning (2024030067)

Rúnar Pálmarsson óskar heimildar til að hækka þak á Faxabraut 7 um 1 - 1,5 m og bæta við kvistum með erindi dags. 5. mars 2024. Meðeigendasamþykki liggur fyrir. Grenndarkynningu er lokið. Ein andmæli nágranna bárust vegna aukins skuggavarps hærra þaks og stærri kvists. Viðbótargögn hafa borist sem gera grein fyrir skuggavarpi.

Skuggavarp hefur ekki áhrif á aðliggjandi byggingar eða á dvalarsvæði. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið.

6. Spítalareitur - götunöfn (2023030010)

Deiliskipulag fyrir Spítalareit hefur verið staðfest en á reitnum eru þrjár nýjar götur. Óskað er eftir að umhverfis- og skipulagsráð finni þeim nöfn.

Umhverfis- og skipulagsráð leggur til að þessar þrjár nýju götur beri eftirfarandi nöfn: Spítalastígur, Bíóstígur og Brautarstígur.

7. Umferðaröryggi 2026–2030 (2026020367)

Umferðaröryggisáætlun Reykjanesbæjar var samþykkt 2024 og voru þar settar fram tillögur og markmið fyrir bætt umferðaröryggi í sveitarfélaginu. Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri

umhverfismála kynnti tillögu að aðgerðaráætlun að bættu umferðaröryggi með áherslu á lýsingu 2026-2030.

Umhverfis- og skipulagsráð fagnar aðgerðaráætlun umhverfissviðs.

8. Samstarf um hringrásariðngarð - erindisbréf (2023100396)

Lögð fram drög að erindisbréfi faghóps sem hefði það hlutverk að vera ráðgefandi um lóðaúthlutanir í takt við markmið hringrásariðngarðs.

Umhverfis- og skipulagsráð skipar formann, skipulagsfulltrúa og sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs í faghópinn fyrir hönd Reykjanesbæjar. Ráðið óskar eftir nánari kynningu á verkefninu.

Gunnar Felix Rúnarsson situr hjá við afgreiðslu málsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:56.



Fundargerð

26. fundur stjórnar eignasjóðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
19. febrúar 2026, kl. 14:00

Viðstaddir: Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Birgir Már Bragason, Friðjón Einarsson, Grétar I. Guðlaugsson, Sigurður Garðarsson og Harpa Björg Sævarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu, Magnþór Breki Ragnarsson, verkefnastjóri viðhalds og nýframkvæmda og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Æfingaaðstaða Massa, lyftingadeildar UMFN - endurbætur (2025100271)

Á fundi þann 30. október 2025 samþykkti bæjarráð þarfagreiningu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við endurbætur á æfingaaðstöðu Massa, lyftingardeildar UMFN í íþróttahúsinu í Ytri-Njarðvík, Ljónagryfjunni og vísaði henni til stjórnar eignasjóðs í samræmi við verklagsreglu Beiðni um viðhaldsframkvæmd, nýbyggingu eða leiguhúsnæði (VRL-0044).

Stjórn eignasjóðs vísar málinu aftur til bæjarráðs. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdinni í fjárfestingaáætlun ársins 2026.

2. Leikskólinn Skógarás – viðbygging og innanhússbreytingar (2025040018)

Á síðasta ári var farið í frumhönnun vegna stækkunar leikskólans Skógaráss og innanhússbreytinga.

Stjórn eignasjóðs samþykkir að farið verði í fullnaðarhönnun vegna stækkunar og innanhússbreytinga á leikskólanum Skógarási. Gert er ráð fyrir þeim kostnaði í fjárfestingaáætlun 2026.

3. Myllubakkaskóli – staða framkvæmda og áætlun 2026 (2021050174)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við Myllubakkaskóla og áætlun fyrir árið 2026.

4. Holtaskóli – staða framkvæmda og áætlun 2026 (2022120120)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við Holtaskóla og áætlun fyrir árið 2026.

5. HS Orkuvöllur - staða framkvæmda (2026020394)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir stöðu framkvæmda við HS Orkuvöllinn.

6. JBÓ völlum - staða framkvæmda (2026020395)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir stöðu framkvæmda við JBÓ völlum.

7. Svítur við Myllubakkaskóla (2026020360)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir notkunarmöguleika fyrir svítur sem staðsettar eru við Myllubakkaskóla en gert er ráð fyrir að starfsemi sem í þeim er flytjast inn í húsnæði skólans á þessu ári.

Stjórn eignasjóðs felur deildarstjóra eignaumsýslu að taka saman yfirlit yfir svítur í eigu sveitarfélagsins og mögulega notkun þeirra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:45.



Fundargerð

68. fundur sjálfbærniráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
25. febrúar 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Athena Júlía Józefudóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir og Þóranna Kristín Jónsdóttir.

Að auki sátu fundinn Bryndís Ólína Skúladóttir fulltrúi ungmennaráðs, Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Guðni Ívar Guðmundsson boðaði forföll.

Hjörtur Magnús Guðbjartsson boðaði forföll og sat Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir fundinn í hans stað.

* * *

1. Sveitarstjórnarkosningar í Reykjanesbæ 2026 (2026010121)

Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi, Aðalheiður Júlírós Óskarsdóttir gæðastjóri, Eydís Rós Ármannsdóttir verkefnastjóri fjölmennningar, Krístrún Björgvinsdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi og Ólafur Bergur Ólafsson, verkefnastjóri Fjörheima / 88 hússins, mættu á fundinn.

Farið var yfir stöðu kosningamála með sérstakri áherslu á þátttöku ungmenna og fólks af erlendum uppruna, kjörstaði og kjördeildir.

2. Lýðræðisleg þátttaka innflytjenda (2023030124)

Eydís Rós Ármannsdóttir verkefnastjóri fjölmennningar mætti á fundinn og gerði grein fyrir stöðu verkefnisins.

Reykjanesbær í samstarfi við verkefnið Mitt atkvæði – Mín rödd sem stutt er af félags- og húsnæðismálaráðuneytinu stendur fyrir vinnustofum fyrir íbúa af erlendum uppruna til þess að auka kosningaþátttöku í sveitarstjórnarkosningum í vor. Vinnustofurnar miða að því að auka þekkingu innflytjenda á sveitarstjórnarkosningum og hlutverki sveitarfélagsins, og hvaða áhrif kosningar hafa á nærumhverfi og þjónustu. Þá verður fjallað um réttindi innflytjenda til að kjósa og bjóða sig fram. Vinnustofurnar verða haldnar í húsnæði Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum dagana 19., 26. og 28. mars 2026.

3. Grenndarstöðvar í Reykjanesbæ (2024040512)

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi fór yfir stöðu málsins. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti þrjár staðsetningar fyrir grenndarstöðvar, við Fitjar, Hæfingarstöðina á Ásbrú og í Höfnum en tvær staðsetningar til viðbótar eru nú í

grenndarkynningu. Hafinn er undirbúningur vegna þeirra staðsetninga sem voru samþykktar.

Rætt var um nýtingu grenndarstöðva eftir áramót og förgun á úrgangi í nærumhverfi. Í samræmi við umræður á fundinum felur sjálfbærniráð Önnu Karen Sigurjónsdóttur sjálfbærnifulltrúa og Margréti Lilju Margeirsdóttur deildarstjóra umhverfismála að kanna möguleika á auknu umfangi vegna förgunar úrgangs í umhverfisviku Reykjanesbæjar í vor.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:07.



Fundargerð

305. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjaneshafnar haldinn á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, fimmtudaginn 26. febrúar 2026, kl. 16:00

Viðstaddir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Jón Már Sverrisson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs.

* * *

1. Ársreikningur Reykjaneshafnar 2025 (2026010368)

Farið var yfir stöðuna á endurskoðun ársreiknings Reykjaneshafnar vegna ársins 2025.

2. Reykjaneshöfn – framtíðarsýn 2035 (2025080301)

Lögð er fram í þriðja sinn framtíðarsýn fyrir starfsemi Reykjaneshafnar til komandi tíu ára sem unnin er af stjórn og stjórnendum Reykjaneshafnar, en fyrri skýrslur voru lagðar fram 2022 og 2018. Í skýrslunum er horft fram um tíu ár í starfsemi hafnarinnar og dregnar upp sviðsmyndir sem gætu raungerst gangi áætlaður rekstur og uppbygging hennar eftir. Skýrslunni er ætlað að vera upplýsingagefandi fyrir nýja stjórn Reykjaneshafnar sem tekur við að afloknum komandi sveitarstjórnarkosningum.

Atvinnu- og hafnarráð leggur hér fram skýrsluna „Reykjaneshöfn - framtíðarsýn 2035“ með von um að lesendur hennar fái sem besta innsýn inn í þá möguleika sem falist geta í starfsemi Reykjaneshafnar á komandi árum.

3. Njarðvíkurhöfn – brimvarnargarður (2023080391)

Lagðar fram verkfundargerðir 1 og 2 frá 28. janúar og 11. febrúar ásamt verkstöðuýfirlitum.

4. Njarðvíkurhöfn - skipulag (2025110300)

Farið yfir stöðu mála við vinnslu á aðal- og deiliskipulagi í og upp af Njarðvíkurhöfn.

5. Helguvíkurhöfn - Suðurbakki (2024040273)

Farið yfir stöðu mála við vinnslu á aðal- og deiliskipulagi á Suðurbakka Helguvíkurhafnar.

6. Samstarfsnefnd atvinnu- og hafnarráðs og umhverfis- og skipulagsráðs (2026020457)

Fundargerð 25. fundar samráðsnefndar um þróun hafnarsvæða frá 27. janúar lögð fram.

7. Samgönguáætlun 2026-2040 (2025120114)

Hjörtur Magnús Guðbjartsson, formaður atvinnu- og hafnarráðs, fór sem fulltrúi Reykjaneshafnar á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þann 19. febrúar sl. til að fylgja eftir óskum hafnarinnar um stuðning úr Hafnabótasjóði vegna fyrirhugaðra framkvæmda á komandi árum. Fór hann yfir það sem þar kom fram.

8. Hafnasamband Íslands – fundargerðir stjórnar (2026020458)

Fundargerð 479. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands frá 19. janúar 2026 lögð fram.

9. Skemmtiferðaskip (2026020459)

Farið var yfir ýmis mál sem snúa að markaðssetningu og móttöku skemmtiferðaskipa hjá Reykjaneshöfn. Þrjú skip hafa bókað komu sína í sumar og er jafnvel von á fleirum. Stefnt er að vinnustofu með hagaðilum á svæðinu miðvikudaginn 11. mars n.k. þar sem þessi mál verða yfirfarin. Þann 12. mars verður aðalfundur Cruise Iceland haldinn í Reykjavík og mun fulltrúi Reykjaneshafnar mæta á fundinn.

10. Fitjar – breyting á deiliskipulagi – umsögn (2026020463)

Laugar ehf. sem stefna að uppbyggingu hótels og heilsuaðstöðu á lóðinni Fitjabakka 8, hafa óskað eftir heimild til breytingar á deiliskipulagi svæðisins þar sem lóðin verði stækkuð um rúma 6 þúsund fermetra og nýtingarhlutfall hennar verði aukið úr 0,66 í 1,46. Bæjarstjórn Reykjaneshafnar samþykkti á fundi sínum þann 7. janúar að auglýsa viðkomandi breytingu á deiliskipulagi og óskaði jafnframt eftir umsögnum eða athugasemdum varðandi þá breytingu.

Atvinnu- og hafnarráð Reykjaneshafnar leggur fram eftirfarandi umsögn: „Reykjaneshöfn hefur í samráði við umhverfis- og skipulagsráð Reykjaneshafnar verið að útfæra nýtt deiliskipulag sem nær yfir svæðið upp af Njarðvíkurhöfn, þar á meðal skipulagið við Fitjabakka. Ofangreind tillaga um breytingu er ekki í samræmi við þær hugmyndir og kemur því á óvart. Sú uppbygging sem fyrirhuguð hefur verið á Fitjabakka 8 er metnaðarfull og jákvæð fyrir samfélagið en það vekur spurningar um hvort óskir um aukið landrymi og aukið byggingarmagn séu réttlætanlegar meðan það liggur ekki fyrir hvort innviðir svæðisins geti þjónustað þá stækkun, jafnvel ekki núverandi samþykkt byggingarmagn. Atvinnu- og hafnarráð Reykjaneshafnar telur rétt að heimila ekki viðkomandi breytingu meðan farið verður í heildstætt mat á svæðinu miðað við þá atvinnuuppbyggingu sem æskileg er þar í framtíðinni og að fyrir liggði að þeir innviðir séu til staðar sem til þarf.“

11. Carbfix – umsókn um könnunarleyfi í Helguvík – umsögn (2026020464)

Tölvupóstur, dags. 9. febrúar 2026, frá Umhverfis- og orkustofnun þar sem óskað er umsagnar um umsókn Carbfix hf. til stofnunarinnar um könnunarleyfi vegna geymslu CO₂ í jörðu í Helguvík.

Carbfix hf. hefur haft leyfi til tilraunavinnslu með geymslu CO₂ á iðnaðarsvæðinu í Helguvík undanfarin ár þar sem unnið hefur verið með jarðsjó í stað vatns til framkvæmdarinnar. Eftir því sem best er vitað munu áframhaldandi tilraunir litlu skila umfram þá þekkingu sem þegar er til staðar. Þessi tilraunavinnsla er ekki án ágreinings í samfélaginu og þreifingar um mögulega starfsstöð Carbfix á þessu svæði í framtíðinni hafa ekki notið mikils hljómgrunns. Atvinnu- og hafnarráð leggst gegn því að viðkomandi könnunarleyfi verði veitt nema fyrir liggði samþykki sveitarfélagsins fyrir því að heimilt verði að byggja aðstöðu fyrir þessa vinnslu á svæðinu í framtíðinni.

12. Særós GK 235, skipaskránumer 1927 (2026020467)

Reykjaneshöfn eignaðist farþegabátinn Særósu GK 235, skipaskránumer 1927, á uppboði í desember sl. Báturinn var auglýstur til sölu í lok janúar og hafa borist nokkur tilboð í bátinn.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir að taka tilboði Arctic Whales ehf. og felur Halldóri Karli Hermannssyni, sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs, að vinna málið áfram.

13. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2026010379)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15.



Fundargerð

73. fundur menningar- og þjónusturáðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
27. febrúar 2026, kl. 08:30

Viðstaddir: Trausti Arngrímsson formaður, Elfa Hrund Guttormsdóttir, Gígja Sigríður Guðjónsdóttir, Gunnar Jón Ólafsson og Aðalheiður Hilmarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Frosti Kjartan Rúnarsson fulltrúi ungmennaráðs, Halldóra Guðrún Jónsdóttir sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs, Guðlaug M. Lewis menningarfulltrúi og Erna María Svavarsdóttir ritari.

* * *

1. Listamaður Reykjaneshæjar (2026020506)

Farið var yfir drög að uppfærðum reglum og umræður um tilnefningar.

Menningar- og þjónusturáð tekur jákvætt í framlagðar hugmyndir um uppfærslu reglna um nafnbótina Listamaður Reykjaneshæjar, þar með talið skýrari aðgreiningu frá Menningarverðlaunum Reykjaneshæjar og formfestingu á faglegu mati ráðsins á tilnefningum.

Ráðið vísar málinu til bæjarráðs Reykjaneshæjar til frekari afgreiðslu og staðfestingar á uppfærðu fyrirkomulagi.

2. Tillaga að nafnabreytingu á leikvelli (2026020470)

Erindi frá íbúum í nágrenni Smáratúnsróló um nafnabreytingu á leikvellingum.

Menningar- og þjónusturáð tekur vel í erindið og felur sviðsstjóra og menningarfulltrúa að vinna málið áfram.

3. Úthlutanir úr menningarsjóði Reykjaneshæjar (2026010411)

Guðlaug María Lewis menningarfulltrúi fór yfir umsóknir sem bárust í menningarsjóð Reykjaneshæjar fyrir árið 2026.

Alls bárust 40 umsóknir um verkefnastyrki upp á um 18 milljónir króna og 8 menningarhópar sóttu um að fá þjónustusamning við sveitarfélagið. Heildarupphæð menningarsjóðs til úthlutunar eru 5.876.000 krónur. Meginmarkmið sjóðsins er að styrkja verkefni sem eru líkleg til að efla menningarstarfsemi í Reykjaneshæ. Ráðið tók ákvörðun um 13 verkefni sem hljóta styrk að þessu sinni að upphæð 3.200.000 krónur og 2.450.000 krónum verður veitt í þjónustusamninga við 8 starfandi menningarhópa í sveitarfélaginu. Þess má geta að umsóknir um verkefnastyrki tvöfölduðust frá síðasta ári. Ráðið fagnar miklum áhuga íbúa á blómlegu menningarlífi og hlakkar til að sjá verkefnið verða að veruleika.

4. Ársskýrslur menningar- og þjónustusviðs 2025 (2025060044)

Ársskýrslur sviðsins lagðar fram til kynningar.

Menningar- og þjónusturáð þakkar þeim sem komu að gerð ársskýrslna fyrir greinargóðar og upplýsandi skýrslur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30.